

**Mál nr. 16/2006**

**A**

**og**

**Vátryggingafélagið X vegna  
greiðslukortatryggingar og ferðatryggingar fjölskyldutryggingar**

**Hvarf ferðatösku 14. október 2005**

**Gögn.**

1. Málskot mótt ekið 30. janúar 2006, ásamt fylgiskjöllum.
2. Vátryggingarskilmálar.
3. Bréfa- og tölvupóstsamskipti milli málshefjanda og vátryggingafélagsins.

**Málsatvik.**

Málshefjandi (A) tók hinn 14. október 2005 rútu frá National Express milli Heathrow og Stansted flugvallanna í London. Hann var með þrjár ferðatöskur sem hann geymdi í læstu farangursrými rúttunnar. Þegar rútan kom til Stansted varð hann að bíða eftir að komast út úr rúttunni. Þegar út kom voru tvær töskur af þremur fyrir utan rúttuna en sú þriðja hvergi sjáanleg. Búið var að loka farangursrými rúttunnar og starfsmaður hvergi sjáanlegur. Forsvarsmenn National Express töldu að taskan væri sennilega enn inni í rúttunni en A var með bókað flug til Ítalíu stuttu síðar. Taskan skilaði sér ekki í tapað-fundið hjá rútufrýrtækinu. A var neitað um bæt看 úr VISA gullkortstryggingu og fjölskyldutryggingu með þeim rökum að það væri að skilja farangur eftir á almannafæri í skilningi 43.7. vátryggingaskilmála að setja hann í farangursgeymslu bifreiðar.

**Álit.**

Skv. farangurstryggingarluta fjölskyldutryggingar A, grein 41.1. bæt看 tryggingin tjón sem verður á vátryggðum farangri ef hið vátryggða ténist alveg í flutningi. Vátryggingin tryggir þó ekki hluti sem vátryggður skilur eftir á almannafæri, t.d. afgreiðslum flutningsaðila, sbr. grein 43.7. Af gögnum málsins er ljóst að A átti ekki annarra kosta vól en að setja farangur sinn í farangursgeymslu rúttunnar á ferðinni milli flugvallanna. Fyrir liggur að farangursrýmið var læst meðan á ferðinni stóð. Læst farangursrými rútu getur ekki talist afgreiðsla flutningsaðila skv. greindum skilmálum. Skv. skilmálum gullkorts er vátryggt gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum m.a. þjófnaðar. Skilyrði er að hinn vátryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða (grein 5.1. Félagið bæt看 þó ekki tjón á hlutum sem vátryggður ténir eða skilur eftir á almannafæri, sbr. grein 5.2.9.). Ekkert í gögnum málsins bendir til að A hafi ekki gætt fyllsta öryggis við vörslu farangurs síns. A skildi farangurinn ekki eftir á almannafæri, sbr. umfjöllun um farangurstryggingarluta fjölskyldutryggingar.

**Niðurstaða.**

Tjón A á farangri bæt看 úr farangurstryggingarluta fjölskyldutryggingar A eða skv. skilmálum gullkorts A.

Reykjavík, 28. febrúar 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.